

153. löggjafarþing 2022–2023. Þingskjal 80 — 80. mál.

Frumvarp til laga, um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994 (gæludýrahald).

Stjórn Hundaræktarfélags Íslands fagnar því að fyrirliggi frumvarp til laga löggjafarþings, til breytinga á lögum um fjöleignarhús.

Í greinargerð flutningsmanna er rakin hæg en jákvæð þróun í hundahaldi á Íslandi en árið 2006 var hundahald fyrst leyft í Reykjavík án skilyrða. Það er eðlileg þróun að breytingar séu lagðar til á lögum um fjöleignarhús er á við um hunda- og kattahald. Við tökum undir það að í lögunum er ekki einungis um að ræða hömlur hvað varðar eignarrétt gæludýraeigenda heldur einnig mismunun og aðför að friðhelgi einkalífs þeirra og sjálfstæði. Ennfremur segir í greinargerðinni sem fær undirtektir HRFÍ; „Reglan um aukinn meiri hluta er til þess fallin að auka ósætti meðal íbúa og gerir eigendum hunda og katta erfitt fyrir í samskiptum við nágranna sína. Reglan verndar auk þess ekki þá hagsmuni sem henni er ætlað að vernda nema með handahófskenndum hætti og færa má rök fyrir því að meiri hagsmunum sé fórnað fyrir minni með henni. Reglan tekur aðeins til hunda og katta en ekki annarra gæludýra, sem þó geta valdið ofnæmisviðbrögðum og öðrum truflunum, og því grefur reglan undan jafnræði.“

Látum það ekki bíða í 78 ár að leyfa hunda- og kattahald í fjöleignarhúsum líkt og tók að leyfa hundahald í Reykjavík.

Fyrir hönd Hundaræktarfélags Íslands
Daníel Örn Hinriksson
Formaður